

Bekkur: 2. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Arna Einarsdóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir

Tímafjöldi: 10 kst. á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Byrjendalæsi, Litla Lesrún, Ritrún 1, skrift 2. Ýmis námsspil og efni af vef eins og krakkaleikir á mms.is og í spjalddölu eins og Orðagull, Stafaleikurinn og fleira. Lestrarbækur, glósubækur, verkefna- og úrklippubækur og fl.

Mikið af verkefnum eru unnin í samþættingu við aðrar námsgreinar, sérstaklega náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni.

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|----------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Talað mál og hlustun | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði,þjálfist í að endursegja efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,þjálfist í að segja frá eftirminnilegum atburði,þjálfist í að hlusta og horfa með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og þjálfist í að greina frá upplifun sinni,þjálfist í að lýsa ákveðnu fyrirbæri,geti átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. | <ul style="list-style-type: none">Lesið fyrir kennaraByrjendalæsiLæsisfimman | Símat á almennri þátttöku í umræðum, hópvinnum og öðrum verkefnum í kennslustundum. |
| Lestur og bókmenntir | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,þjálfist í að tengja þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,þjálfist í að lesa ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum. | <ul style="list-style-type: none">Lesið fyrir kennaraByrjendalæsiVinna með lesskilningstexta í Litlu Lesrún | Lesfimipróf Stafakannanir Samræmd skimunarpróf |
| Ritun | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">þjálfist í að draga rétt til stafs og skrifa skýrt og læsilega,geti samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,þjálfist í að skrifa texta á tölvu og geti beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,þjálfist í að beita einföldum stafsetningarreglum. | <ul style="list-style-type: none">ByrjendalæsiSkrifa í skrifarbækur og eftir forskrift í stílabækur. | Kennari skoðar stafi og texta nemenda reglulega, fer yfir og metur. |

| | | | |
|---------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------|
| Málfræði | Að nemandi: <ul style="list-style-type: none"> • geti þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein, • þjálfist í að leika sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. | <ul style="list-style-type: none"> • Byrjendalæsi • Vinna málfræðiæfingar í kennslubókinni Ritrún | Símat Samræmd skimunarpróf |
| Lokanámsmat er gefið í bókstöfum, A, B+, B, C+, C eða D | | | |